

Fundur fagráðs í nautgriparækt haldin að Hvanneyri 20. apríl 2010

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt
Guðný Helga Björnsdóttir, fulltrúi BÍ, formaður fagráðs
Sigurgeir Hreinsson, fulltrúi LK
Sigurður Loftsson, fulltrúi LK
Þórarinn Leifsson, fulltrúi LK
Magnús B. Jónsson, fulltrúi BÍ

Stuðningsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritari fagráðs
Grétar Hrafn Harðarsson, LbhÍ
Björn S Gunnarsson, SAM
Baldur Helgi Benjamínsson, LK

Forfallaðir:

Gunnar Guðmundsson, BÍ
Bragi Líndal Ólafsson, LbhÍ
Þorsteinn Ólafsson, MAST

1. Fyrsta mál kosning formans og ritara fagráðs.

Tillaga um Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem formann fagráðs og Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur sem ritara fagráðs. Fram kemur að þar sem Guðný Helga er fulltrúi BÍ í fagráði sé það breyting frá þeirri hefð að einn af fulltrúum LK skipi stöðu formanns fagráðs. Ekki eru þó gerðar athugasemdir við tillöguna og er hún því samþykkt

2. Hlutverk fagráðs og framtíð ræktunarhóps í nautgriparækt.

Fyrir liggur tillaga um að leggja af ræktunarhóp í nautgriparækt og flytja verkefni hans aftur inn í fagrád. Eitt af lögskipuðum hlutverkum fagráðs er að taka þátt í að móta ræktunarstarf í nautgriparækt í samstarfi við landsráðunaut í nautgriparækt. Það verkefni hafði fagrád falið ræktunarhóp sem hefur annast ákvarðanatöku varðandi kynbótagripi og gert tillögur að breytingum á kynbótamarkmiðum sem síðan hafa verið lögð fyrir fagrád. Farið er stuttlega yfir stöðu gagnasöfnunar í ræktunarstarfinu og þær brotalamir sem hafa verið á henni. Óvissa hafi verið um hver bæri ábyrgð á að móta ákveðna þætti er tengdust kynbótastarfinu og því hafi þeir setið eftir. Undirstrikar það mikilvægi þess að skýra línur og undirstrika hvar ábyrgð liggur. Mörg brýn verkefni liggja fyrir og mikilvægt að fagrád standi þétt við bak landsráðunauta í stefnumótun og forgangsriðun verkefna. Rætt er um brýn verkefni s.s. verkferla á Nautastöð Bændasamtaka Íslands., endurskoðun gagnasöfnunar o.fl.

Rætt er um hvort breyting sem þessi muni draga af mikið úr möguleikum ráðunauta að koma sjónarmiðum á framfæri. Samráðsfundir héraðsráðunauta og landsráðunauta eru taldir gefa ráðunautum kost á að koma skoðunum sínum á framfæri. Auk þess væri hægt að kalla fulltrúa héraðsráðunauta á fagráðsfundi ef þurfa þykir. Mikilvægt er talið að setja skýrar línur um hverjir fari með verkefnið. Það yrði þá á borði skipaðs fagráðs í

nautgripærækt sem kallaði til sín ráðgefandi einstaklinga eftir þörfum. Fram kemur að ástæða sé til að fá Ágúst Sigurðsson til ráðgjafar vegna kynbótastarfs. Gerð er tillaga að því að ræktunaráhópur komi saman í síðasta sinn í vor og verði þá formlega tilkynnt um breytingar. Fagráð yfirtaki síðan verkefnið frá og með hausti 2010. Tillagan er samþykkt.

3 Umsóknir í þróunarsjóð

Sex umsóknir hafa verið lagðar inn í þróunarsjóð. Fagráð kemst að eftirfarandi niðurstöðu varðandi umsóknirnar:

A) Umsókn LbhÍ, Betri fjós. Verkefnisstjóri: Snorri Sigurðsson. Sótt er um 1.750.000 ISK

Fagráð í nautgripærækt telur ríka ástæðu til að fara yfir stöðu fjósbygginga eftir fjárfestingar síðustu ára í nýjum fjósum eða endurbótum á eldri byggingum. Mikilvægt sé að læra af þeirri reynslu sem fengist hefur bæði hvað varðar það sem miður hefur farið og þar sem vel hefur tekist til. Þó álitur fagráð að bót væri af tengslum verkefnisins við byggingarþjónustu BÍ. Tillaga um að verkefninu verði veittur styrkur að upphæð 1.500.000 ISK

B) Umsókn LbhÍ, Leiðir gegn frjálsum fitusýrum. Verkefnisstjóri: Snorri Sigurðsson. Sótt er um upphæð 600.000

Fagráð í nautgripærækt leggur talsverða áherslu á að verkefnið fá styrk sérstaklega vegna komandi verðskerðingar vegna of mikils magns frjálstra fitusýra í mjólk. Tillaga um að verkefninu verði veittur styrkur að upphæð 600.000

C) Umsókn LbhÍ, Áhrif Startvac bóluefnis á jógurheilbrigði. Verkefnisstjóri: Grétar H. Harðarson. Sótt er um upphæð 3.000.000 ISK.

Í ljósi hárrar tíðni jógurbólgu hér á landi, þá sér í lagi smitandi jógurbólgu, telur fagráð í nautgripærækt mikilvægt að skoða áhrifa þessa bóluefnis áður en það komi á markað. Notkun bóluefnisins og rannsókn á áhrifum þess teljist hluti af nauðsynlegu átaki í bættu jógurheilbrigði kúa á Íslandi. Tillaga um að verkefninu sé veittur styrkur að upphæð 2.500.000 ISK

D) Umsókn Mast og Matís, Myndskreitt handbók um snyrtingu nautgripaskrokka. Verkefnisstjórar: Stefán Vilhjálmsson og Óli Þ. Hilmarsson. Sótt er um upphæð 1.057.260 ISK.

Fagráð telur að verkefnið snúi hvorki beint að þeim hagsmunum er samræmast veitingum úr þróunarsjóð eða ímynd atvinnugreinarinnar. Verkefnið sé fremur í verkahring sláturleyfishafa, Mast eða Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Ekki er mælt með að fé sé veitt í verkefnið.

E) Umsókn Helgu Guðmundsdóttur, Kynningarstofa íslensku kýrinnar. Verkefnisstjóri: Þorgrímur Guðbjartsson. Sótt er um upphæð 2.110.000 ISK.

Fagráð telur verkefnið ekki falla innan þess ramma er veitingar úr þróunarfé ná yfir. Ekki er mælt með að fé sé sett í verkefni.

F) Umsókn Bændasamtaka Íslands, Nýjar leiðir til að bæta frjósemi íslenskra nautgripa. Verkefnisstjóri: Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Sótt er um upphæð 1.750.000 ISK.

Fagráð veitir verkefninu jákvæða umsöng og gerir tillögu um að til verkefnisins verði veittur styrkur að upphæð 1.500.000 ISK

G) Umsókn BúVest, Átaksverkefni í bættu árangri sæðinga. Verkefnisstjóri: Friðrik Jónsson. Sótt er um upphæð 1.815.000 ISK.

Fagráð vísar í fyrri umsögn um verkefnið og gerir athugasemdir að umsóknin hafi komið óbreytt inn til fagráðs. Fagráð mælir ekki með styrkveitingu að svo stöddu en er engu að síður jákvætt að skoða fjárveitingu til verkefnisins sé það endurskoðað m.t.t. fyrri athugasemda.

Önnur mál:

Rætt um áhrif eldgosins í Eyjafjallajökli á mjólkurframleiðslu, fóðuröflun, heilsufar gripa og mannfólk. Rætt um hvort sérstakar ráðstafanir þurfi að gera vegna heysýnatöku með tilliti til innihalds heyja ef öskufall verður í sumar á einhverjum svæðum. Bent á að ráðuneytið hefði sett á stofn samráðshóp vegna eldgosins og sveitarfélagið væri að vinna vel að málinu.